



# SÓKNARÁETLANIR LANDSHLUTA

- NÝTT VERKLAG / VALDEFLING LANDSHLUTA

Árþing SASS

Hella, 19. október 2012

Hólmfríður Sveinsdóttir, verkefnisstjóri

# MARKMIÐ SÓKNARÁÆTLANA LANDSHLUTA


- Efling sveitarstjórnarstigsins / valddreifing
- Einfalda og efla samskipti ríkis og sveitarfélaga
- Aukið samráð innan Stjórnarráðsins



## **Nýtt skipulag / nýtt verklag:**


einfaldari og skilvirkari stjórnsýsla

(felst m.a. í auknu gagnsæi, hagkvæmni, hlutlægni og skilvirkni við úthlutun og umsýslu fjárveitinga úr ríkissjóði + aukinni aðkoma heimamanna)




# INNIHALD ERINDIS

- Staðan í dag og næstu skref
  - Hlutverk landshluta
  - Gerð sóknaráætlunar (skapalónið)
  - Hlutverk stýrinets Stjórnarráðsins




# LANDSHLUTASAMTÖKIN ÁTTA

- Jafn ólík og þau eru mörg
- Markmið allra:
  - Hagsmunagæsla, samráð og aukið samstarf sv.fél.
- Öflugt starf á Suðurlandi. Í anda þess sem nú er boðað.
- Lýður Björnsson (1979) telur að sveitarstjórnarmenn „hafi fundið, að þörf var fyrir samtök af þessu tagi, og mun reyndar ekki örgrannt um, að sumir þeirra a.m.k. líti á landshlutasamtökin sem mótvægi gegn ríkis- og miðstjórnarvaldi því, sem hefur miðstöð sína á höfuðborgarsvæðinu.“



# NÆSTU SKREF - LANDSHLUTARNIR ÁTTA


- Mótun formlegs samráðsvettvangs í hverjum landshluta.
  - Hverjir eru haghafar?
  - Stýrihópur / framkvæmdaráð – hvernig skipað?
- Landshlutarnir ákveða fyrirkomulag og skipulag...
- ...og hefjast handa við gerð sóknaráætlana.
- Fyrirkomulag á móttöku og útdeilingu fjármuna:
  - Valnefndir, fagrád?
- **Ábyrgð: landshlutasamtök sveitarfélaga.**
- Drög að sóknaráætlun í desember 2012.
- 2013(-2015): reynslutímabil. Þróun og aðlögun.



# GERÐ SÓKNARÁÆTLUNAR - SKAPALÓN

## ○ Efnisyfirlit:


- Inngangur
- Framtíðarsýn
- Stöðugreining
  - Í hnotskurn
- Stefnumótun
- Markmið og aðgerðir
- Samantekt
- Viðaukar



# STÖÐUGREINING (BYGGÐASTOFNUN)


Allar upplýsingar í stöðugreiningu verði kyngreindar þar sem það á við og samanburður við landsmeðaltal eftir ástæðum:

- **Svæðið.** Landfræðileg afmörkun, lýsing staðháttar: Sérstaða: menning og félagsauður, náttúra og auðlindir. Helstu byggðakjarnar og byggðarlög. Byggðarþéttleiki. Íbúar. Mannfjöldapróun sl. 15 ár, kyn, aldur, ríkisfang. Kynjahlutfall. Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi.
- **Menntun.** Fjöldi með grunnskólapróf, framhaldsmenntun, háskólamenntun.
- **Efnahagsþróun.** Tekjur á mann. Helstu atvinnugreinar, fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum. Atvinnuleysi, atvinnustig.
- **Samgöngur.** Vegir, hafnir, flugvellir. Almenningsamgöngur. Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða innan svæðis, til Reykjavíkur og/eða Akureyrar.
- **Opinber þjónusta.** Sjúkrahús og heilsugæsla. Löggæsla og sýslumaður. Framhaldsskóli, háskóli, símenntunarstöð, fullorðinsfræðsla. (listi)
- **Önnur þjónusta.** Verslun og þjónusta. (listi)
- **Niðurstaða:** Sérstaða, styrkleikar og veikleikar. (SVÓT-greining sem sóknaráætlanir verða svar við.)




# SAMRÁÐSVETTVANGUR

- Dæmi um skipan samráðsvettvangs:
  - 3 fulltrúar skipaðir af stjórn landshlutasamtaka
  - 6 fulltrúar frá atvinnulífinu
  - hvert sveitarfélag með fleiri en 1000 íbúa skipar 2 fulltrúa (einn frá meirihluta og einn frá minnihluta)
  - sveitarfélag með færri en 1000 íbúa skipar einn fulltrúa
  - 3 fulltrúar frá stoðstofnunum (t.d. atvinnuþróunarfélögum, vaxtarráðum, markaðsstofum og menningarráðum)
  - 3 fulltrúar frá fræðasamfélaginu
  - 2 fulltrúar frá launþegasamtökum
  - annað frjálst



# MÁLAFLOKKAR – FYRST UM SINN

- Atvinnumál og nýsköpun.
- Mennta- og menningarmál.
- Markaðsmál.




# FJÁRMAGN

## ○ „Nýtt“ fjármagn.

- 400 m.kr. á ári (til þriggja ára skv. fjárlaga-frumvarpi) sem skiptist milli landshlutanna átta.
- Mikilvægur grunnur sem breytt verklag byggir á.

## ○ „Gamalt“ fjármagn.

- T.d. vaxtarsamningar og menningarsamningar.
- Úthlutun taki mið af sóknaráætlun.
- Samningar renna út í lok næsta árs...




# NÆSTU SKREF – STÝRINETIÐ

- Endanleg útfærsla skapalóns.
- Tillögur (ákvörðun) um:
  - útdeilingu fjármuna milli landshluta
  - fyrirkomulag við útdeilingu fjármuna innan landshluta
- „Demó“ af samningi við landshlutasamtök.
- Tryggja grundvöll í lögum.
  - Frumvarp til laga um sóknaráætlanir landshluta??
- Áframhaldandi samstarf og samráð við alla landshlutana.




# SÓKNARÁÆTLUN LANDSHLUTA

- Sameiginleg framtíðarsýn heimamanna.
- Stöðugreining (t.d. SVÓT).
- Fyrst um sinn (2013-2015)
  - Atvinnumál og nýsköpun
  - Menningarmál.
  - Markaðsmál.
  - (Fræðslumál / fullorðinsfræðsla).
- Stefnumótun í ofangreindum málaflokkum. Við túlkun.
- Markmið og forgangsröðun / áherslur (aðgerðir).




# SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA (FRH)

- Tekur mið af opinberum stefnum og áætlunum
  - m.a. markmiðum Ísland 2020 (makró).
- Stýrinetið staðfestir að sóknaráætlanir:
  - Séu unnar á grundvelli skapalóns
  - Í samráði heimamanna
  - Í samræmi við landsstefnur og áætlanir
- Stýrinetið hefur **ekki** aðkomu að úthlutun til einstakra verkefna.



# SAMRÁÐ!!!

- Eitt af meginmarkmiðum sóknaráætlana landshluta er aukið samráð:
  - Milli stjórnarsýslustiganna, ríkis og sveitarfélaga.
  - Innan hvers landshluta.
  - Innan Stjórnarráðsins / milli ráðuneyta.



# AÐ LOKUM

- Nýtt spennandi verklag sem nær til alls landsins.
- Frumkvæði fært til heimamanna.
- Mikill vilji og áhugi hjá ríki og sveitarfélögum.
- Valdefling landshluta.
- Ný ríkisstjórn – verklagið lifir.

## Stórt skref til valddreifingar:

- Ef vel tekst til: Eitt stærsta skref sem stigið hefur verið í byggðamálum síðustu áratugi.

